# LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-071-F-017**

Dags: **20. júlí 2015**

Staður: **Þrengsli**

Lýsing: **Magalenti á vegi**



Flugmaður var á svifflugvél TF-SAS yfir Þrengslum á leið á Sandskeið þegar svifflugvélin lenti í öflugu niðurstreymi. Svifflugmaðurinn varð smeykur um að ná ekki á Sandskeið og setti því hjálparmótor svifflugvélarinnar út og reyndi að gangsetja hann. Ekki tókst svifflugmanninum það, en við það að mótorinn var settur út féll rennigildi svifflugvélarinnar umtalsvert. Svifflugmaðurinn sá sig því nauðbeygðan til þess að lenda á Þrengslavegi. Hann lenti svifflugvélinni með hjólin uppi, þar sem hann var hræddur um að enda úti í hrauni ef hjólin væru niðri og hann næði ekki að halda svifflugvélinni á veginum í lendingunni. Svifflugvélin rann yfir vegastikur og skemmdist talsvert á botninum við það, uns hún stöðvaðist á vegöxlinni.






Við rannsóknina kom í ljós að svifflugmaðurinn gleymdi að setja kveikju (magneto) á fyrir hjálparmótorinn og því tókst ekki að gangsetja hann.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 25. febrúar 2016.